



Reykjavík, 18. mars 2024

MSS22090014

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um gjaldskrá sorphirðu

Vísaði er til fyrirspurnar áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins frá 1. september 2022 um gjaldskrá sorphirðu. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Lagðar eru fram gjaldskrárbreytingar, tillögur. Til að átta sig betur á þessum tölum óskar fulltrúi Flokks fólksins eftir upplýsingum um hver sé meðaltalshækkun á hvert heimili í sorphirðu og hver meðalkostnaður er á hvert heimili fyrir og eftir breytingar sem fyrirhugaðar eru um áramótin. Til að vita hvort gjaldskrár séu hagstæðar er gott að fá samanburð við nágretta sveitarfélög. Hver er kostnaður í samanburði við t.d. kostnaður í Kópavogi eða Mosfellsbæ? Hvað kostar 200 lítra tunna þar á ári.“

Tillaga að gjaldskrárbreytingum þann 1. september 2022 fól ekki í sér breytingar á gjaldskrár vegna þjónustu við sorphirðu. Vegna þessa tekur svarið mið af samanburði á milli ára 2022 og 2023.

Ef borin eru saman hirðugjöld á heimili árið 2022 samanborið við 2023 þá voru hirðugjöld á heimili (bæði hirða við heimili og á grenndar- og endurvinnslustöðvum) að jafnaði 46.819 kr. árið 2022 en 50.671 kr. árið 2023. Hækkunin var því um 8% milli ára. Ekki var farið í breytingar á sorphirðu um áramótin 2022/2023 eins og upphaflega stóð til heldur voru þær innleiddar frá maí fram í september 2023 og voru hirðugjöldum ekki breytt árið 2023 heldur fyrst með álagningu 2024. Varðandi samanburð á milli sveitarfélaga þá voru sorphirðugjöld lögð á pr. íbúð í Kópavogi og Mosfellsbæ árið 2023. Sorphirðugjald í Kópavogi var 48.400 kr. á íbúð og 56.900 kr. á íbúð í Mosfellsbæ. Hvorki Kópavogur né Mosfellsbær voru með verð pr. tunnu 2022 og 2023 heldur rukkuðu pr. íbúð. Það eru því ekki til upplýsingar um verð pr. 240L tunnu fyrir þau sveitarfélög á þessum árum, en ekkert sveitarfélag bíður upp á 200L tunnu.

Beðist er velvirðingar á því hversu lengi þessi fyrirspurn hefur verið í þessu svarferli.

Virðingarfyllst,
Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs



Reykjavík